

# 20. júní

## Alþjóðadagur flóttamanna



Í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna þann 20. júní 2010, efna Rauði kross Íslands og Mannréttindaskrifstofa Íslands, í samstarfi við Reykjavíkurborg og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, til viðburðar á Ingólfstorgi í hjarta Reykjavíkur. Hátíðin mun standa yfir frá kl. 13:00 til 15:00 og verður ýmislegt í boði, svo sem tónlist, söngur og dans frá ýmsum löndum, matur frá þeim löndum sem flestir flóttamenn á Íslandi koma frá, og einnig verður sitthvað fyrir börnin að skemmta sér við. Boðið verður upp á ókeypis kaffi í boði Kaffi París. Á staðnum verður einnig hægt að afla sér upplýsinga um málefni flóttafólks. Verður gestum og gangandi gert kleift að setja sig í spor flóttafólks með því að spreyta sig á vefleiknum Flótti.

### Uppákomur á Ingólfstorgi í dag milli kl. 13.00-15.00:

- Framandi matargerð
- Heimstónlist
- Boðið verður upp á ókeypis kaffi í boði Kaffi París
- Dansatriði
- Tölvuleikurinn *Flótti*
- Föndur fyrir börnin

**Komdu og kynntu þér mikilvægt málefni.**



**“Home”** is the theme of this year’s World Refugee Day on June 20 in recognition of the more than 40 million men, women and children who have been uprooted from their homes because of armed conflict, violence or other conditions. The majority of refugees are on the run within the borders of their own country but about twelve million people have been granted refugee status based on the definitions of the United Nations Refugee Convention. A great majority of refugees seek shelter in neighboring countries that are often poor, and are waiting for an opportunity to return home with or without the assistance of the UNHCR. If refugees are unable to return, and if they are not safe in the country they fled from, the UNHCR seeks help from the international community to provide a safe haven for those who are most in need of protection to allow them to start a normal life again.



Since 1956 the Icelandic government has invited 512 refugees to settle in the country in cooperation with UNHCR, the Icelandic Red Cross, and municipalities in the country. The first group of refugees came from Hungary but since then refugees from Yugoslavia, Vietnam, Poland, Kosovo, Colombia and Iraq have also been invited to settle in Iceland. In the period between 1990 and 2009 approximately 715 people applied for asylum in Iceland after having fled from their home countries. This includes 35 people who came last year. At any given time a number of refugees are waiting for a decision by Icelandic authorities on whether they will be allowed to stay in the country. This is often a very lengthy and difficult process for asylum seekers. This year, for World Refugee Day, events are being planned around the world to highlight the plight of refugees under the care of the UNHCR and to advocate on their behalf.

Here in Iceland we want to raise public awareness of refugees, but also to the human wealth that they bring to the country. People tend to view refugees only as victims in need of help, and often forget that they enrich Icelandic culture and participate in building a better society.



**Heimili** er yfirskrift alþjóðadags flóttamanna 2010. Áherslan er á raunir þeirra ríflega 40 milljóna karla, kvenna og barna sem neyðst hafa til að yfirgefa heimili sín vegna átaka, ofbeldis eða annarra aðstæðna. Flestir eru á flótta innan eigin landamæra en um tólf milljónir eru skilgreindar sem flóttamenn í skilningi flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Mikill meirihluti flóttafólks leitar ásjár í nágrenni þjóðanna sem oft eru fátæk og bíður tækifæris til að snúa til baka með eða án aðstoðar Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Ef flóttafólk getur ekki snúið til baka til síns heima og er ekki öruggt í því landi sem það flúði til, leitar Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna til alþjóðasamfélagsins um að veita þeim sem mest þurfa á vernd að halda öruggt skjól svo það geti hafið venjulegt líf á nýjan leik.



Þannig hafa íslensk stjórnvöld boðið 512 flóttamönnum vernd hér á landi í samvinnu við Flóttamannastofnun, Rauða kross Íslands og sveitarfélög í landinu frá árinu 1956. Fyrsti hópur flóttamanna kom frá Ungverjalandi en síðan hefur flóttafólk frá Júgóslavíu, Víetnam, Póllandi, Kósóvó, Kólumbíu og Írak fengið skjól hér á landi. Á tímabilinu 1990-2009 hafa um 715 leitað hælís á Íslandi eftir að hafa flúið heimalönd sín, þar af 35 á síðasta ári. Hverju sinni bíður hópur hælisleitenda á Íslandi þess að ákvörðun sé tekin í máli þeirra en málsmeðferð getur tekið langan tíma og sá tími er oft mjög erfður fyrir hælisleitendur. Á alþjóðadegi flóttamanna nú í ár eru skipulagðir viðburðir um allan heim með það að markmiði að varpa ljósi á raunir flóttamanna sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna er málsvari fyrir.

Hér á Íslandi viljum við vekja almenning til umhugsunar um vanda flóttafólks en einnig mannauð. Fólki hættir til að líta á flóttafólk einungis sem fórnarlömb sem þarfnast hjálpar en það vill gleymast að það tekur virkan þátt í byggja hér betra samfélag og hefur auðgað íslenska menningu og mannlíf.

# 20th of June World Refugee Day



On June 20, 2010 the Icelandic Red Cross and the Iceland Human Rights Centre celebrate the World Refugee Day on Ingólfstorg in central Reykjavík. The event is organized in cooperation with Reykjavík municipality and the UNHCR. Celebrations will take place between 1pm and 3pm with a variety of activities and events. There will be music and dancing, and visitors will have the opportunity to try food from the countries where most of the refugees in Iceland come from. There will be various kinds of recreation for the children and free coffee for visitors, provided by Kaffi París. On Ingólfstorg visitors will also be able to find information about the plight of refugees. Visitors will be invited to participate in the online game Against All Odds (Flótti) and experience what it's like to be a refugee.

## Program on Ingólfstorg between 1pm and 3pm:

- Exotic foods
- Music of the world
- Free coffee from Kaffi París
- Dance performances
- Play online game Against All Odds
- Chalk drawing for the children

**Please join us and explore important issues.**